



## Fréttabréf forseta

AKT

## Styrkjum tengsl til framtíðar

Ágætu félagar

Félögum DKG á Íslandi er að fjölga og er það afar ánægjulegt. Margar deildir hafa verið að taka inn nýjar konur núna í haust og bjóðum við þær hjartanlega velkomnar í samtökin. Jólafundir deilda standa yfir þessa dagana og eru þeir með hátíðlegu ívafi. Eftir áramótin taka síðan við bókafundir hjá mörgum deildum. Á þeim fundum fjalla félagskonur um þær bækur sem þær lásu yfir jólin. Þetta er skemmtileg hefð sem sumar deildir hafa haft í mörg ár. Á heimasíðum deilda er síðan hægt að finna lista yfir þessar bækur og fá þannig hugmyndir um lesningu áður en farið er á bókasafnið.

Á næsta ári eru 40 ár síðan DKG var stofnað á Íslandi. Ég hvet ykkur á nýju ári til að skoða hvað deildirnar geta gert fyrir og með nærsamfélaginu. Rýnið í samfélagið ykkar og látið ykkar rödd heyrast.

### Lyklakippur

Nú fást aftur handunnu lyklakippurnar sem margar ykkar hafa spurt um. Það er listamaðurinn Philippe Ricart sem óf kippurnar og kosta þær kr. 2000,- Jensína gjaldkerinn okkar sér um söluna og þið getið sent henni póst ef þið viljið versla (gvjv@simnet.is). Lyklakippurnar verða einnig seldar á



landssambandsþinginu í vor. Er ekki tilvalið að gefa sjálfri sér dálitla jólagjöf og kaupa lyklakippu?

### Alþjóðasamtökin

DKG NEWS er nýkomið út. Þar birtist stefna Dr. Lyn Babb Schmid alþjóðaforseta, fjallað er um Jensi P. Souders sem fékk Achievement Award 2014 og grein um ráðstefnuna í Indianapolis svo eitthvað sé nefnt. Þið getið styrkt samtökin með því að versla á Amason Smile, sjá nánari upplýsingar <https://smile.amazon.com/ch/27-3752095> Hlutfall af því sem þið verslið rennur þá til DKG.

### Formenn—skýrslur

Formenn hafa fengið skýrslur sendar í pósti frá alþjóðasamtökunum. Þið þurfið að senda þær til mín fyrir 1. feb. n.k.

Ég hvet ykkur til að vera duglegar að nota heimasíðuna okkar og FB síðuna. Reynum að fá konur til að segja frá störfum sínum, láta vita af útgáfu, hönnun, góðgerðastarfi o.fl. o.fl.

### Félagatalið

Mikilvægt er að senda allar breytingar á félagatali inn til félaganefndar og Eyglóar ([elinborg27@gmail.com](mailto:elinborg27@gmail.com)/[eyglob@unak.is](mailto:eyglob@unak.is))

Nýtt fréttabréf kemur út innan tíðar -fylgist vel með á heimasíðunni. Fréttabréfið verður stútfullt af fréttum úr deildunum og viðtölum.

### Aðalfundur— landssambandsþing

9. og 10. maí 2015.

Takið helgina frá og stefnum á að hittast allar þessa helgi.

### Dagsetningar

10.nóv. - átti uppgjör félagsgjalda að vera komið til gjaldkera landssambands

Með jólakveðju  
Guðbjörg,  
forseti DKG